



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
Guðjón Axel Guðjónsson
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. maí 2007
Tilvísun: 2007050010
Bréfalykill: 50.4.3

Efni: Umsókn um virkjunarleyfi fyrir Köldukvíslarvirkjun á Tjörnesi með allt að 2.000 kW ástimpluðu afli.

Með bréfi dags. 4. maí 2007 óskar iðnaðarráðuneytið eftir umsögn Orkustofnunar um ofangreinda umsókn. Orkustofnun hefur farið yfir gögn málsins í samræmi við viðeigandi lög og reglugerðir skv. ofangreindu bréfi. Á grundvelli þeirra er eftirfarandi upplýsinga æskt frá umsækjendum.

1. Upplýsingar um umsækjanda
2. Úr niðurstöðum rannsókna er einkum óskað eftir eftirfarandi:
 - Gera grein fyrir rennslisgögnum og úrvinnslu þeirra
 - Gera grein fyrir ráðgjöfum (upplýsingar frá þeim um menntun og reynslu)
 - Gera grein fyrir helstu hönnunarforsendum
 - Rannsóknir vegna úrskurðar um MÁU og/eða vegna MÁU
3. Lýsing virkjunar
 - Lýsing á virkjun
 - Kennitölur virkjunar (3. viðauki; tafla eða listi)
4. Framkvæmdaáætlun
5. Fjármögnun
6. Tengisamningar
7. Samningur við landeigendur og vatnsréttarhafa
8. Stjórnvaldsniðurstöður um MÁU og/eða staðfest skipulag.
9. Upplýsingar um önnur leyfi og hver er staða öflunar þeirra.

Með umsókninni fylgdi greinargerð ásamt yfirliti með svörum við ofangreindum liðum. Virkjunin er rennslisvirkjun með steyptri inntaksstíflu. Frá henni verður niðurgráfin aðrennslisveita að stöðvarhúsi.

Í gögnum umsækjanda eru greinargóðar upplýsingar um flesta þætti. Með tölvuskeyti 14.05.2007 óskaði Orkustofnun nánari upplýsinga um hönnunarforsendur fyrir inntaksstíflu og bar undir hönnuð virkjunar túlkun á því sem gæti talist vera 10% af lágrennsli, en framhjärennsli sem því nemur er ein af forsendum fyrir afgreiðslu Skipulagsstofnunar varðandi matsskyldu framkvæmdarinnar. Svar barst þann 16. maí frá ráðgjafa framkvæmdaaðila. Hönnunarforsendur fyrir stíflu eru fullnægjandi að mati Orkustofnunar. Samkvæmt gögnum framkvæmdaaðila liggur fyrir samningur um eftirlit með framkvæmdum, sem ætti að tryggja að framkvæmdir verði í samræmi við hönnun og frágangur fullnægjandi. Framkvæmdaáætlun liggur fyrir, en fjárhagsáætlanir má nálgast hjá ráðgjafa framkvæmdaaðila. Fyrir liggur yfirlýsing frá Rarik um tengingu við dreifikerfi raforku. Fyrir liggur undirritaður samningur um lands- og vatnsréttindi.

Skipulagsstofnun taldi ekki nauðsynlegt að framkvæmdin þyrfti að fara í mat á umhverfisáhrifum (ákvörðun um matsskyldu, dags. 18. apríl 2007). Stofnunin setur skilyrði um lágmarksrennsli neðan stíflu til að tryggja lífsskilyrði straumanda og bleikju. Orkustofnun leggur til að í virkjunarleyfi verði ákvæði um að framkvæmdaaðili sjá til þess að rennsli verði aldrei minna en 50 l/s. Þá er lögð áhersla á að því sé fylgt eftir, að vel verði gengið frá að framkvæmdum loknum. Þá er einnig gert ráð fyrir að þegar virkjunarleyfi er fengið verði hafist handa við að kanna nánar forna garðhleðslu sem aðrennslispípan mun þvera.

Niðurstaða:

Orkustofnun telur að skilyrðum til að veita umbeðið leyfi hafi verið fullnægt, og mælir með því að leyfi til virkjunar verði veitt, með framangreindum skilyrðum.

Virðingarfyllt

Hákon Aðalsteinsson

Elín Smáradóttir